

Sþ.

132. Tillaga til þingsályktunar

[81. mál]

um heildarendurskoðun á skattalögum, tekjuskiptingu og verkaskiptinu ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Jóhann Hafstein, Jónas Rafnar.

Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar, að hún beiti sér fyrir heildarendurskoðun laga um skatta og útsvör, sem stefni að því, að lögfest verði heilsteypt kerfi skattamála, sem byggist á eðlilegri og samræmdri tekju- og verkaskiptingu ríkisins annars vegar og bæjar- og sveitarfélaga hins vegar. Sé jafnframt við það miðað að ofþyngja ekki einstaklingum, félögum og atvinnurekstri í opinberum gjöldum, tryggt samræmi og jafnrétti við álagningu gjaldanna, sem mundi auðvelda eftirlit með því, að framtöl séu rétt.

Rannsókn og undirbúningi málsins sé hraðað svo, að ríkisstjórnin leggi frv. til laga um málið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Um margra ára skeið hefur verið mjög augljós nauðsyn þess, að fram færi heildarendurskoðun á skattalöggjöf landsins.

Árið 1947 skipaði þáverandi fjármálaráðherra nefnd til þess að endurskoða skattalöggjöfina og undirbúa frumvarp til nýrra laga um það efni. Þessi nefnd skilaði álit á árinu 1948. Hafði nefndin þá samið nýtt frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt, og fylgdi því ýtarleg greinargerð og ýmis fylgiskjöl um skipan einstakra þátta skattamála hjá öðrum þjóðum, en slíkra upplýsinga var aflað að tilhlutun nefndarinnar. Síðan hefur þetta nefndarálit legið í þagnargildi. Á hinn bóginn hefur oft verið vitnað til þess nefndarálits og þarfarinnar á almennt endurskoðun þessara mála, þegar fram hafa komið einstakar tillögur til breytinga á einstökum þáttum skattamála. Slíkar tillögur hafa margar komið fram hér á Alþingi og liggja m. a. nokkrar fyrir þinginu nú.

Eins og nú er komið verður ekki lengur umflúið að taka skattakerfi landsins til gagnræðrar endurskoðunar. Sú endurskoðun verður að vera á miklu viðtækari grundvelli en að var stefnt af fyrrgreindri nefnd á árunum 1947—1948. Sérstaklega hefur sá þáttur þessara mála, sem veit að tekjuskiptingunni og verkaskiptingunni milli ríkisins annars vegar og bæjar- og sveitarfélaganna hins vegar, orðið mjög áberandi síðustu árin. Umfangsmeiri skattheimta ríkisins í margvíslegum myndum hefur í senn girt fyrir möguleika bæjar- og sveitarfélaganna til þess að afla sér nýrra tekjustofna og veikt aðstöðu þessara aðila varðandi þeirra einu tekjuöflun, sem heitið getur, en það er innheimta útsvaranna. Þetta hefur verið vaxandi áhyggju-efni fyrirsvarsmanna sveitarstjórnarmálefna. Þessi er orsök bæjarstjórafundarins, sem nýlega var haldinn hér í Reykjavík. Ályktanir fundarins skýra aðstöðu sveitarfélaganna, svo að eigi verður um villzt. Þeim er nú óhjákvæmilegt að gera kröfur um hlutdeild í tekjuöflun ríkisins, eins og fram hefur komið.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að Alþingi komist ekki hjá því nú þegar að veita bæjar- og sveitarfélögum einhverja bráðabirgðaúrlausn sinna mála. Hins vegar teljum við, að nauðsynlegt sé að undirbúa varanlega úrlausn þeirra mála, eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir.

Önnur atriði tillögunnar eru jafnbrýn. Það er ekki með nokkru móti hægt að una við það skattakerfi, sem í mörgum dæmum tekur meira en allar árstekjur borgaranna til hins opinbera. Þegar þar við bætist margvíslegt misrétti, sem borgararnir verða að þola, gegnir reyndar furðu, hversu lengi hefur dregið að bæta úr.

En slíkt skattakerfi grefur undan sér sjálft, ef ekki er að gert. Í kjölfar þess siglir siðleysi á báða bóga — af hálfu þess opinbera og einstaklinganna. Skattsvik magnast og virðingarleysi fyrir réttum framtölum, og þar af leiðir handahófslega framkvæmd skattinnheimtunnar.

Það er því öllum fyrir beztu, að við svo húið sé ekki látið standa lengur. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga fram komin.

Verður nánar gerð grein fyrir henni við framsögu málsins.